

17. gr.

Önnur námskeið.

Í samráði við ríkislögreglustjóra getur lögregluskólinn haldið önnur námskeið en hér hefur verið getið um. Getur þar t.d. verið um að ræða námskeið fyrir aðra handhafa lögregluvalds en lögreglumenn, s.s. lögfræðinga við lögregluembættin, en einnig aðra starfsmenn lögreglu og hliðstæðra embætta eða stofnana.

18. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 39. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o.fl., nr. 660 27. nóvember 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. júlí 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ragnheiður Harðardóttir.

REGLUR**um gjöf dýrallyfja.***1. Stungustaðir.*

1. gr.

Stungulyfjum sem ætluð eru í vöðva á nautgripum skal að jafnaði sprauta vinstra megin í miðjan háls eða ofan til í bóginn aftanverðan. Vítamínum, sem útbúin eru sem stungulyf, skal dæla undir húð eða í vöðva á miðjum hálsi, vinstra megin.

2. gr.

Stungulyfjum sem gefin eru sauðfé, geitfé, hreindýrum og kálfum yngri en sex mánaða skal jafnan sprauta vinstra megin í miðjan háls. Mjög ungum dýrum skal gefa stungulyf undir húð. Þessar reglur gilda ekki um sauðfjárbóluefni.

3. gr.

Stungulyfi sem ætlað er í vöðva á svínum skal jafnan sprauta rétt aftan við vinstra eyra. Stungulyfi, ætluðu undir húð á svínum, skal dælt undir húð aftan við eyra eða í nárafellingu, nema þegar um er að ræða bóluefni.

4. gr.

Bólusetja skal sauðfé og geitur gegn gamaveiki aftast í snögga blettinn við hægri olnboga. Bólusetning skal fara fram á tímabilinu 15. september til 31. desember ár hvert.

5. gr.

Ef framleiðandi stungulyfs mælir ákveðið fyrir um aðra tilhögun á inndælingu lyfsins eða ef önnur tilhögun er talin nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum má víkja frá

framangreindum reglum. Í þeim tilvikum skal umráðamanni dýrsins greint frá því skriflega. Ef nauðsynlegt er að dæla lyfi beint í sjúkan vef þarf þó ekki að greina umráðamanni skriflega frá því.

2. Auðkenning og merking dýra.

6. gr.

Dýr sem notuð eru til matvælaframleiðslu og hlotið hafa lyfjameðferð skulu auðkennd greinilega og á áberandi hátt þangað til heimilt er að nýta afurðir þeirra vegna lyfjagjafarinnar.

7. gr.

Heimilt er að ákveða varanlega merkingu á þeim dýrum sem fengið hafa tiltekna lyfjameðferð, þó ekki leiði af því tímabundið bann á nýtingu afurða, þannig að auðvelt sé að greina þau frá öðrum dýrum (eyrnamörk, brennimörk, klippmerking og frostmerking).

3. Upplýsingar um lyfjameðferð.

8. gr.

Dýralæknir skal upplýsa eiganda eða umráðamann dýrs þegar í stað og skriflega um það hvaða lyf hann hefur gefið dýrinu og hvaða hömlur á nýtingu afurða það hefur í för með sér og í hve langan tíma. Ef um er að ræða lyf sem hamlar nýtingu afurða í þrjú dægur (36 klst.) eða skemur nægir að greina frá þessu munnlega, nema annars sé óskað. Í upplýsingum dýralæknis skal eftirfarandi koma fram:

- a. Lýsing á dýrinu og nafn eiganda þess.
- b. Sjúkdómsgreining og hvenær hún var gerð.
- c. Nafn og magn lyfja sem notuð voru.
- d. Upplýsingar um hömlur á nýtingu afurða.

9. gr.

Ef gripur eða afurðir hans eru afhentar til neyslu meðan enn eru hömlur á nýtingu þeirra vegna lyfjameðferðar er umráðamanni dýrsins skylt að gera viðtakanda grein fyrir lyfjagjöf.

10. gr.

Ef eftirlitsdýralæknir hefur rökstuddan grun um að fyrirmæli lyfjalaga um nýtingu afurða af dýrum sem fengið hafa lyfjameðferð hafi verið brotin, ber honum að kæra það til lögreglustjóra á þeim stað þar sem afurðir hafa verið afhentar. Telji lögreglustjóri ástæðu til þess að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum framangreindra laga, ber honum að óska eftir lögreglurannsókn á málinu.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum til þess að öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 21. júlí 1997.

Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir.